



Þjóðskrá

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Febrúar 2018



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Viðbrögð við ábendingum .....	5
4	Fjárheimildir og rekstur .....	6
4.1	Fjárheimildir .....	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Bókhalds- og launavinnsla.....	7
5.2.1	Laun og launatengd gjöld.....	7
5.2.2	Gagnaskoðun launa .....	7
5.2.3	Annar rekstrarkostnaður .....	7
5.3	Niðurstaða.....	8
6	Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1	Inngangur .....	9
6.1.1	Virðisaukaskattur .....	9
6.1.2	Láns og reikningsviðskipti .....	9
6.1.3	Risna.....	9
6.1.4	Opinber innkaup og innkaupakort.....	9
6.2	Niðurstöður .....	9
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	10
7.1	Rekstrartekjur .....	10
7.2	Sértekjur.....	10
7.3	Markaðar tekjur .....	10
7.4	Aðrar rekstrartekjur .....	10
8	Rekstrarkostnaður .....	11
8.1	Laun og launatengd gjöld.....	11
8.2	Ferðakostnaðar .....	11
8.3	Húsnæðiskostnaður og aðrir reglulegir kostnaðarliðir .....	11
8.4	Annar rekstrarkostnaður.....	11
8.5	Niðurstöður/ábendingar .....	11
9	Endurskoðun efnahagsliða .....	13
9.1	Eignir .....	13
9.1.1	Birgðir.....	13
9.1.2	Viðskiptakröfur .....	13
9.1.3	Handbært fé.....	13
9.2	Niðurstöður/ábendingar .....	14
10	Önnur atriði .....	15
10.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	15
10.2	Óhæðisyfirlýsing.....	15

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Þjóðskrár fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Þjóðskrár hefur verið árlega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2016 vegna ársins 2015.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Þjóðskrár fyrir árið 2016 er lokið. Eftirfarandi ábendingar komu fram við endurskoðunina:

### 1. Upptaka ferðaheimildakerfis

Stofnunin notar ekki ferðaheimildakerfi bókhaldskerfis ríkisins og mælir Ríkisendurskoðun með að upptaka kerfisins verði skoðuð.

### 2. Álit Ríkiskaupa vegna sérstakra aðstæðna

Ríkisendurskoðun mælir með að fá álit Ríkiskaupa þegar viðskipti við birgja eru útboðsskyld en eru ekki boðin út vegna sérstakra aðstæðna.

### 3. Afskriftir krafna

Samkvæmt tekjubókhaldskerfi ríkisins voru viðskiptakröfur í árslok 2,2 m.kr. Um gamlar kröfur er að ræða frá árunum 2007 til 2010. Ríkisendurskoðun leggur til að þessar kröfur verði afskrifaðar.

## 3 Viðbrögð við ábendingum

Meðfylgjandi eru viðbrögð Þjóðskrár við þeim ábendingum sem fram komu í kafla 2.

### 1. Upptaka ferðaheimildakerfis

Þegar endurskoðun Ríkisendurskoðunar fór fram á vormánuðum 2017 þá notaði stofnunin ekki ferðaheimildakerfi bókhaldskerfis ríkisins. Það var hins vegar tekið upp í september sl. og gengur innleiðing þess vel. Kerfið er nú notað fyrir allar ferðir á vegum stofnunarinnar.

### 2. Álit Ríkiskaupa vegna sérstakra aðstæðna

Þjóðskrá Íslands hefur einu sinni á árinu 2016 leitað álits Ríkiskaupa þegar viðskipti við birgi fór yfir viðmiðunarfjárhæð vegna útboðsskyldu, 15,5 m.kr. Ef fyrirséð er að viðskipti fari yfir útboðsskyldu þá mun stofnunin með vísan til ábendingar Ríkisendurskoðunar ávallt leita álits Ríkiskaupa um umrædd viðskipti og fýsileika útboðs.

### 3. Afskriftir krafna

Í árslok 2016 námu viðskiptakröfur 2,2 m.kr. samkvæmt tekjubókhaldskerfi ríkisins sem eru gamlar kröfur frá árunum 2007 til 2010. Stofnunin er sammála ábendingu Ríkisendurskoðunar um að þær verði afskrifaðar.

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Fjárlög fyrir árið 2016 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 231,8 m.kr. ásamt 30,0 m.kr. á aukafjárlögum.

Rekstrargjöld ársins 2016, að frádrögnum sértekjum, námu samtals 153,3 m. kr. og voru því innan fjárheimilda ársins sem nemur 108,5 m. kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-169.800	-193.758	23.958	-131.818
Markaðar tekjur	-603.100	-842.058	238.958	-559.798
Aðrar rekstrartekjur	-613.800	-445.089	-168.711	-573.335
Greitt úr ríkissjóði	-261.800	-261.800		-274.900
Launagjöld	862.200	1.040.493	-178.293	959.975
Önnur rekstrargjöld	786.300	593.718	192.582	697.344
<b>Samtals</b>		<b>-108.494</b>	<b>108.494</b>	<b>117.468</b>

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Upphafleg rekstraráætlun var skráð í bókhaldskerfi ríkisins. Samkvæmt rekstraráætluninni var reiknað með jákvæðri afkomu um 46,5 m.kr. á árinu 2016 en rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 108,5 m.kr.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstöðumaður Þjóðskrár og stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Bókhalds- og launavinnsla

Þjóðskrá Íslands er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Verkferlar og innra eftirlit hefur verið skjalfest að hluta og nú stendur yfir endurskoðun allra verkferla sem eru til staðar og skráning óskjalaðra verkferla eru í vinnslu.

Greining og mat á eftirlitsumhverfi bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina.

#### 5.2.1 Laun og launatengd gjöld

Að undangengnu ráðningarferli er ráðningarsamningur undirritaður. Mannauðsstjóri og sviðsstjóri semja við starfsmenn um launakjör og ef um launabreytingu er að ræða sem ekki á upptök sín í stofnana- eða kjarasamningi er ákvörðunin rökstudd skriflega. Þegar launabreytingar eiga sér stað þá þarf að liggja fyrir rökstuðningur ásamt samþykki næsta yfirmanns.

Launaframkvæmd var endurskoðuð með því að taka úrtak launamanna og athuga hvort gögnin samræmdust verklagsreglum. Kannað var hvort lausar stöður hefðu verið auglýstar, virkni eftirlitsaðgerða við viðveru starfsmanna athuguð og stjórnendaeftirlit við útgreiðslur staðfest. Skoðunin var án athugasemda.

#### 5.2.2 Gagnaskoðun launa

Gagnaskoðun var einnig framkvæmd og athugað hvort öll gögn samræmdust viðeigandi reglum. Athugað var hvort samningar, starfslýsingar, réttmætar undirskriftir, launaflokkaskráningar, gögn vegna launabreytinga og dagsetningar gagna samræmdust lögum, reglum og verklagsreglum.

#### 5.2.3 Annar rekstrarkostnaður

Stofnunin notar rafrænt samþykktarkerfi þar sem krafa er gerð um að a.m.k. tveir aðilar samþykki alla reikninga.



## 5.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Þjóðskrá varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

#### 6.1.1 Virðisaukaskattur

Bókun og merkingar reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins.

#### 6.1.2 Láns og reikningsviðskipti

Þjóðskrá er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu eða skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

#### 6.1.3 Risna

Reikningar ársins 2016 voru skoðaðir með úrtaksskoðun og reikningar vegna risnu voru án athugasemda.

#### 6.1.4 Opinber innkaup og innkaupakort

Fjármálastjóri ásamt forstjóra veita heimild fyrir hærri útgjöldum. Fjórir einstaklingar eru með innkaupakort hjá stofnuninni. Þjóðskrá fylgir reglum ríkisins um innkaup og þar á meðal um notkun rammisamninga þar sem því verður komið við.

### 6.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Þjóðskrá fylgi þeim lögum og reglugerðum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

### 7.1 Rekstrartekjur

Stofnunin vinnur samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra. Rekstrartekjur eru margvíslegar og á árinu var bókað á 23 tegundir vegna þessa. Reikningagerð og tekjubókhald er í gegnum viðskiptakröfubókhald (AR) sem er undirkerfi í bókhaldskerfi ríkisins (ORRI). Einungis sektir eru skráðar í gegnum tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR).

### 7.2 Sértekjur

Á árinu 2016 voru sértekjur 184,5 m.kr. ásamt hreinum fjármunatekjum að fjárhæð 9,3 m.kr. samtals 193,8 m.kr. Meginþorri þessara tekna, 130,2 m.kr., voru greiðslur frá dómstólum og sýslumönnum vegna reksturs á tölvukerfum. Sértekjur voru endurskoðaðar án athugasemda.

### 7.3 Markaðar tekjur

Innheimtar eru þrjár tegundir markaðra tekna hjá stofnuninni sem eru brunabótamatsgjald, fasteignamatsgjald og skráning nýrra fasteigna í fasteignaskrá. Þessar tekjur eru innheimtar í samræmi við gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra.

Stjórnendur Þjóðskrár hafa mótmælt flokkun þessara þriggja tekjuliða sem markaðra tekna. Heildartekjur vegna þessa voru 634,9 m.kr. og hafa stjórnendur lýst yfir eindregnum vilja til að endurflokka þær sem aðrar rekstrartekjur. Málið var sent ríkisreikningsnefnd 2015 og úrvinnsla máls er ekki lokið. Rétt er að taka fram að samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 verða markaðar tekjur ekki færðar í reikninga stofnana.

### 7.4 Aðrar rekstrartekjur

Á árinu 2016 námu aðrar rekstrartekjur Þjóðskrár Íslands 653,9 m.kr. Fjórir helstu liðir þess eru aðgangur að fasteignamatsskrá, aðgangur að skrám Þjóðskrár, rafræn veðbanda yfirlit og vottorðsgjöld. Endurskoðun annarra rekstrartekna voru án athugasemda.

## 8 Rekstrarkostnaður

### 8.1 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld eru 57% af rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Þegar þörf er á að ráða nýja starfsmenn er starfið auglýst.

### 8.2 Ferðakostnaðar

Á árinu 2016 voru greiddar 18,8 m.kr. í ferðakostnað. Starfsmenn Þjóðskrár fara bæði í regluleg ferðalög innanlands og erlendis. Í öllum tilvikum er grundvöllur ferðar að samþykki yfirmanns liggi fyrir. Stofnunin notar ekki ferðaheimildakerfi ORRA og mælir Ríkisendurskoðun með að upptaka kerfisins verði skoðuð.

Valin voru úrtök reikninga til skoðunar á grundvelli greiningaraðgerða. Í einu tilfelli var gistikostnaður erlendis greiddur beint af stofnuninni. Samkvæmt 5. gr. í reglum 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins á annar ferðakostnaður en fargjöld að vera greiddur af dagpeningum.

### 8.3 Húsnæðiskostnaður og aðrir reglulegir kostnaðarliðir

Fyrirkomulag húsnæðismála Þjóðskrár Íslands var kannað, leigusamningur vegna húsnæðis skoðaður og greiðslur bornar saman við samninga án athugasemda.

### 8.4 Annar rekstrarkostnaður

Sviðsstjórum er heimilt að samþykkja útgjöld allt að 30 þús.kr. Fjármálastjóri ásamt forstjóra veita heimild fyrir hærri útgjöldum. Fjórir einstaklingar eru með innkaupakort hjá stofnuninni. Stofnunin notar rafrænt samþykktarkerfi þar sem krafa er gerð um að a.m.k. tveir aðilar samþykki alla reikninga.

Viðskipti við fjóra birgja voru skoðuð þar sem viðskiptin fóru yfir viðmiðunarfjárhæð vegna útboðsskyldu, 15,5 m.kr. Áhersla var lögð á að kanna eðli viðskiptanna og athuga hugsanlega útboðsskyldu. Í einu tilfelli var um að ræða fyrirtæki sem hefur hannað álagningarkerfi sveitarfélaga og leitað var álit Ríkiskaupa, sem hafa samþykkt viðskiptin. Í einu tilfelli var um að ræða sérhæfða forritun sem einungis einn aðili býður upp á innanlands. Ríkisendurskoðun mælir með að fá álit Ríkiskaupa um umrædd viðskipti og fýsileika útboðs.

### 8.5 Niðurstöður/ábendingar

- Stofnunin notar ekki ferðaheimildakerfi ORRA og mælir Ríkisendurskoðun með að upptaka kerfisins verði skoðuð.

- Í einu tilfalli var gístíkostnaður erlendis greíður beint af stofnuninni. Samkvæmt 5. gr. í reglum 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins á annar ferðakostnaður en fargjöld að vera greíður af dagpeningum.
- Ríkisendurskoðun mælir með að fá álit Ríkiskaupa þegar viðskipti við birgja eru útboðsskyld en eru ekki boðin út vegna sérstakra aðstæðna.

## 9 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 507,4 m.kr., skuldir námu 455,9 m.kr., bundið eigið fé nam 21,8 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 29,7 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Viðskiptakröfur	475.148	402.432	72.716
Handbært fé	32.296	58.669	-26.373
Eignir alls	507.444	461.101	46.343
Eigið fé:			
Höfuðstóll	29.730	-106.064	135.794
Bundið eigið fé	21.800	49.100	-27.300
Skuldir:			
Yfirdráttarlán	402.053	375.001	27.052
Viðskiptaskuldir	53.861	143.064	-89.202
Eigið fé og skuldir alls	507.444	461.101	-46.343

### 9.1 Eignir

#### 9.1.1 Birgðir

Ekki eru færðar birgðir hjá Þjóðskrá þótt þær séu umtalsverðar vegna vegabréfa. Stofnunin lætur Sýslumönnum í té þessi vegabréf án endurgjalds, samkvæmt gildandi reglum. Tekjur renna til ríkissjóðs samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Kostnaður Þjóðskrár vegna vegabréfanna er endurgreiddur með ríkisframlagi til stofnunarinnar.

#### 9.1.2 Viðskiptakröfur

Í árslok voru viðskiptakröfur 475,1 m.kr. og þar af staða viðskiptamanna í AR 468,1 m.kr. Ekki er færð óbein niðurfærsla og afskrift á sér stað þegar krafan er sannanlega töpuð. Í framhaldi af aldursgreiningu krafna miðað við stöðu í árslok 2016 voru um 4,0 m.kr. útistandandi krafna eldri en 60 daga. Ríkisendurskoðun leggur til að Þjóðskrá beiti óbeinni niðurfærslu viðskiptakrafna til að þær endurspegli sem næst raunverulegu virði.

Samkvæmt TBR voru viðskiptakröfur í árslok 2,2 m.kr. Um gamlar kröfur er að frá árunum 2007 til 2010. Ríkisendurskoðun leggur til að þessar kröfur verði afskrifaðar.

#### 9.1.3 Handbært fé

Þjóðskrá er með fimm bankareikninga í notkun þar sem stofnunin býður viðskiptavinum upp á að staðgreiða ýmsa þjónustu. Einu útgreiðslur, að tilfallandi endurgreiðslum undanskildum, eru millifærslur á ríkissjóð. Staða bankareikninga í árslok var staðfest með því að bera saman við ytri gögn viðskiptabanka.

## 9.2 Niðurstöður/ábendingar

- Samkvæmt TBR voru viðskiptakröfur í árslok 2,2 m.kr. Um gamlar kröfur er að ræða frá árunum 2007 til 2010. Ríkisendurskoðun leggur til að þessar kröfur verði afskrifaðar.
- Í framhaldi af aldursgreiningu krafna miðað við stöðu í árslok 2016 voru um 4,0 m.kr. útistandandi krafna eldri en 60 daga. Ríkisendurskoðun leggur til að Þjóðskrá beiti óbeinni niðurfærslu viðskiptakrafna til að þær endurspegli sem næst raunverulegt virði.

## 10 Önnur atriði

### 10.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda Þjóðskrár, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra og fjármálastjóra.

### 10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Þjóðskrá Íslands.





Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)